

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1510**2026/EES/24/24****frá 20. júlí 2023****um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/915 að því er varðar hámarksgildi fyrir kadmíum í hnetusveipsefi og tilteknum ræktuðum sveppum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 ⁽²⁾ voru fastsett hámarksgildi fyrir kadmíum í ýmsum matvælum.
- 2) Hinn 30. janúar 2009 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vísindalegt álit um kadmíum í matvælum ⁽³⁾. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að kadmíum sé fyrst og fremst eitrahósti fyrir nýrun, einkum fyrir frumur nærpípla þar sem það safnast fyrir með tímanum og getur valdið röskun á nýrnastarfsemi. Í ljósi eiturhrifa kadmíums á nýrun fastsetti Matvælaöryggisstofnunin þolanlega vikulega inntöku fyrir kadmíum sem nemur 2,5 µg/kg líkamsþyngdar. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að meðalváhrif fyrir fullorðna sé nærri, eða aðeins yfir, þolanlegri vikulegri inntöku. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að hjá undirhópum, s.s. grænmetisætum, börnum, reykingafólki og fólki sem býr á mjög menguðum svæðum, geti farið yfir tvöfalda þolanlega vikulega inntöku. Þess vegna komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að draga verði úr núverandi váhrifum á almenning af völdum kadmíums. Í kjölfar þessa vísindalega álits birti Matvælaöryggisstofnunin vísindalega skýrslu 17. janúar 2012 þar sem hún staðfesti að váhrif á börn og fullorðna við 95. hundraðshlutaþátt gætu farið yfir heilbrigðismíðað leiðbeinandi gildi ⁽⁴⁾.
- 3) Að teknu tilliti til vísindalegs álits og vísindalegrar skýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar voru fastsett ný hámarksgildi fyrir kadmíum í barnamat og súkkulaði-/kakóafurðum samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 488/2014 ⁽⁵⁾. Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2014/193/ESB ⁽⁶⁾ voru samþykkt, þar sem aðildarríki voru hvött til að tryggja að fyrirliggjandi mótvægisráðstöfunum yrði komið áfram til bænda og ýtt undir að þeir notuðu þær og að hafist yrði handa við framkvæmd þeirra eða henni haldið áfram, að vakta reglulega framvindu ráðstafana til mildunar með því að safna gögnum um tilvist kadmíums í matvælum og gefa skýrslu um gögnin, einkum um kadmíummagn sem er nálægt eða yfir hámarksgildunum, eigi síðar en í febrúar 2018.
- 4) Á grundvelli gagna um tilvist, sem safnað var eftir að mótvægisráðstöfunum var komið til framkvæmda, voru hámarksgildi fyrir kadmíum lækkuð í ýmsum matvælum með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1323 ⁽⁷⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 184, 21.7.2023, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2026 frá 6. febrúar 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 frá 25. apríl 2023 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 (Stjtið. ESB L 119, 5.5.2023, bls. 103).

(3) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu (CONTAM), „Scientific opinion on cadmium in food.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2009(980) 1–139. <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2009.980>.

(4) „Scientific Report of EFSA on Cadmium dietary exposure in the European population.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(1), 2551 (37 bls.). <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2012.2551>.

(5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 488/2014 frá 12. maí 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir kadmíum í matvælum (Stjtið. ESB L 138, 13.5.2014, bls. 75).

(6) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2014/193/ESB frá 4. apríl 2014 um að draga úr tilvist kadmíums í matvælum (Stjtið. ESB L 104, 8.4.2014, bls. 80).

(7) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1323 frá 10. ágúst 2021 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir kadmíum í tilteknum matvælum (Stjtið. ESB L 288, 11.8.2021, bls. 13).

- 5) Eftir að reglugerð (ESB) 2021/1323 var birt hafa ný gögn um tilvist komið fram að því er varðar hnetusveipsef og nokkrar tegundir ræktaðra sveppa sem er neytt í minna mæli.
- 6) Hámarksgildið fyrir kadmíum í hreðkum, sem var lækkað úr 0,10 í 0,020 mg/kg með reglugerð (ESB) 2021/1323, gildir um hnetusveipsef. Þetta hámarksgildi var lækkað á grundvelli þeirra gagna um tilvist sem þá lágu fyrir um þá tegund sem mest var neytt í vöruflokknum hreðkur (*Raphanus sativus* var. *sativus*). Í millitíðinni hafa þó komið fram nýrri gögn um tilvist, einkum fyrir hnetusveipsef, sem sýna að hnetusveipsef inniheldur hærri kadmíumstyrk en aðrar hreðkur. Því er orðið ljóst að hámarksgildið sem var fastsett fyrir kadmíum í hnetusveipsefi er ekki í samræmi við meginregluna um gildi sem raunhæft er að ætlast til að megi ná (ALARA-meginreglan). Í ljósi lítillar neyslu á hnetusveipsefi er framlag þess til váhrifa sem neytendur verða fyrir af völdum kadmíums enn fremur takmarkað.
- 7) Hámarksgildin fyrir ræktaða sveppi voru lækkuð með reglugerð (ESB) 2021/1323 úr 0,20 mg/kg fyrir *Agaricus bisporus*, *Lentinula edodes* og *Pleurotus ostreatus* og 1,0 mg/kg fyrir aðra ræktaðra sveppi í 0,15 mg/kg fyrir *Lentinula edodes* og *Pleurotus ostreatus* og 0,050 mg/kg fyrir alla aðra ræktaða sveppi, þ.m.t. *Agaricus bisporus*. Hámarksgildið fyrir ræktaða sveppi, aðra en *Lentinula edodes* and *Pleurotus ostreatus*, var lækkað á grundvelli þeirra gagna um tilvist sem þá lágu fyrir um þær tegundir sem mest var neytt í þessum vöruflokki (*Agaricus bisporus*). Í millitíðinni hafa þó komið fram nýrri gögn um tilvist fyrir nokkrar tiltekna tegundir af ræktaðum sveppum, sem er neytt í minna magni en *Agaricus bisporus*, *Lentinula edodes* and *Pleurotus ostreatus*, sem sýna að þær innihalda hærri kadmíumstyrk en *Agaricus bisporus*. Því er orðið ljóst að hámarksgildið sem var fastsett fyrir kadmíum í ræktaðum sveppum, öðrum en *Agaricus bisporus*, *Lentinula edodes* and *Pleurotus ostreatus*, er ekki í samræmi við ALARA-meginregluna. Þar eð tegundirnar *Agaricus bisporus*, *Lentinula edodes* og *Pleurotus ostreatus* eiga mestan þátt í heildarmagni sveppa sem er neytt í Sambandinu er framlag annarra ræktaðra sveppa til váhrifa sem neytendur verða fyrir af völdum kadmíums enn fremur takmarkað.
- 8) Til að taka tillit til ALARA-meginreglunnar og komast hjá óhóflegu hlutfalli tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum varðandi hnetusveipsef og ræktaða sveppi, aðra en *Agaricus bisporus*, *Lentinula edodes* og *Pleurotus ostreatus*, en viðhalda um leið öflugu matvælaöryggi ætti að hækka hámarksgildin fyrir kadmíum í þessum tegundum.
- 9) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2023/915 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fæður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) 2023/915 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júlí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

—

VIÐAUKI

Undirlið 3.2 (kadmíum) í 3. lið (málmar og önnur frumefni) viðaukans við reglugerð (ESB) 2023/915 er breytt sem hér segir:

1) í stað færslu 3.2.2 kemur eftirfarandi:

„3.2.2	Rótar- og hnýðisgrænmeti		Hámarksgildið gildir um blautvigt.
3.2.2.1	Rótar- og hnýðisgrænmeti, að undanskildum afurðum sem eru tilgreindar í 3.2.2.2, 3.2.2.3, 3.2.2.4, 3.2.2.5, 3.2.2.6 og 3.2.2.7	0,10	Hámarksgildið gildir eftir þvott og aðskilnað æta hlutans.
3.2.2.2	Rauðrófur	0,060	Að því er varðar kartóflur gildir hámarksgildið um afhýddar kartóflur.“
3.2.2.3	Hnúðsillur	0,15	
3.2.2.4	Piparrót, nípur, hafursrætur	0,20	
3.2.2.5	Hreðkur, aðrar en hnetusveipsef	0,020	
3.2.2.6	Hnetusveipsef	0,10	
3.2.2.7	Hitabeltrisrótar- og hnýðisgrænmeti, steinseljurætur, næpur	0,050	

2) í stað færslu 3.2.9 kemur eftirfarandi:

„3.2.9	Sveppir		Hámarksgildið gildir um blautvigt.
3.2.9.1	<i>Agaricus bisporus</i>	0,050	Hámarksgildið gildir eftir þvott og aðskilnað æta hlutans.“
3.2.9.2	Ræktaðir sveppir, aðrir en <i>Agaricus bisporus</i> .	0,15	
3.2.9.3	Vilttir sveppir	0,50	